

Eystrahorn

32. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 23. september 2021

www.eystrahorn.is

Hver er Valli ?



Það hefur ekki farið framhjá Hornfirðingum eða öðrum landsmönnum að rostungur gerði sig heimakominn við smábátabryggjuna á Höfn. Hann hefur fengið mikla athygli frá ferðafólki og heimamönnum. Mynd: Lilja Jóhannsdóttir

Varðandi Valla rostung sem hefur heimsótt smábátahöfnina á Höfn á síðustu dögum og er hugsanlega nú þegar heimsfrægur af ferðalagi sínu víðsvegar um Evrópu eru nokkur atriði sem vert er að nefna.

Þrátt fyrir að Valli virðist rólegur og yfirvegaður er rétt að benda á að hann er a.m.k. 600 kg. villt dýr sem væntanlega er ekki vanur samskiptum við menn. Þó er hugsanlegt að Valli hafi sloppið úr einhverjum dýragarði og sé vanur og jafnvel sæki í fólk og mannvirki af þeim sökum. Enn sem komið er hefur ekkert komið fram í hegðun eða atgerfi Valla rostungs sem ótvírætt bendir til veikinda eða að dýrið sé í neyð. Hann gæti hreinlega hafa villst af sínum upprunaslóðum með ísjaka og sé af þeim sökum þínu ringlaður og ekki kunnugur staðháttum. Við viljum vekja athygli á að af dýravelferðarsjónarmiðum

er best að láta villt dýr vera í friði og óáreitt. Af hálfu sveitarfélagsins og lögreglu hefur verið reynt að passa upp á að Valli verði ekki fyrir óþarfa áreiti af fólki, til dæmis þeim sem fara of nálægt honum af þekkingarleysi. Sveitarfélagið vekur athygli á þeirri hættu sem getur stafað af villtum dýrum við mannfólkið. Um er að ræða þungt og kraftmikið dýr og því er mikilvægt að fólk haldi sér í hæfilegri fjarlægð. Þar að auki getur verið einhver smithætta á ýmsum smitsjúkdómum sem geta borist milli dýra og manna. Við hvetjum íbúa og gesti að koma fram við dýrið af virðingu.

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

Viltu kynna þér áherslur frambjóðenda til Alþingiskosninga 2021 ?
Kíktu á www.eystrhorn.is/flokkar/kosningar2021

Kosningaskrifstofa

Kosningaskrifstofa Framsóknarflokksins verður opin í gömlu sundlauginni frá kl. 10:00-12:00 og frá kl. 14:00-17:00.
Allir velkomnir



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA Haustfundur Félags eldri Hornfirðinga



verður haldinn í Ekru fimmtudaginn
30. september kl. 17:00

Gestir fundarins:

Ester Þorvaldsdóttir hjúkrunarfræðingur
Ásgrímur Ingólfsson forseti bæjarstjórnar
Súpa og brauð að fundi loknum

Eflum félagsstarfið að nýju

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Höfn sunnudaginn 25.september



Sunnudaginn 25. september verður hressingar-ganga um Höfn. Þegar ferðaáætlun fyrir árið var samin stóð til að fara í fjallgöngu austan við Djúpvog – en þá var ekki búið að ákveða alþingiskosningar þennan dag. Ferðanefndin ákvað að breyta skipulaginu og vonar að það verði allir tilbúnir til að fara í lífflega göngu um bæinn, þar er margt að skoða og njóta.

Mæting við tjaldsvæðið á Höfn kl. 10:00 og þaðan leiðir Hulda Laxdal hópinn. Erfiðleikastuðull er 1 skór, þetta er tilvalin ganga fyrir alla aldurshópa. Það má búast við rigningu, en með réttum fatnaði er alveg óhætt að fara út að viðra sig.

Það eru allir velkomnir í göngur ferðafélagsins, en sé hundur með í för er hann á ábyrgð eiganda og taumur þarf að vera til taks.

Þátttökugjald í göngu er kr.1.000 fyrir einstaklinga, 1.500 fyrir hjón og frítt fyrir 16 ára og yngri.

Kæru Gleðigjafar

Þriðjudaginn 28. september hefjast kóræfingar hjá Gleðigjöfum. Að venju hittumst við í Ekru og vonandi fáum við endanlega frið fyrir covid. Ég beini orðum mínum til allra sem langar að slípa raddböndin að prófa félagsskapinn, hann er ekki af verri endanum.

Hittumst klukkan 18:00 í Ekru þann 28. september og nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Fh kórsins, Guðlaug Hestnes



ATHUGIÐ

Lokað verður í ruslaportinu laugardaginn
2. október vegna árs hátíðar starfsmanna.

**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Framlagning kjörskrár vegna alþingiskosninga

Kjörskrá mun liggja frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunum í Ráðhúsinu til og með föstudagsins 24. september á almennum skrifstofutíma. Kjörskráin miðast við skráð heimilisfang hjá þjóðskrá 21. ágúst 2021. Athugasemdir við kjörskrána berist bæjarstjórn Hornafjarðar.

Í sveitarfélaginu Hornafirði eru fimm kjörstaðir í Hofgarði, Hrollaugstöðum, Holti, Mánagarði og Heppuskóla.

Í kjörstjórn eru Vignir Júlíusson, Zophonías Torfason og Reynir Gunnarsson.

Atkvæðagreiðsla utankjörfundar er hafin, kjósanda sem ekki getur kosið á kjördag er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Hægt er að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu. Atkvæðagreiðsla á erlendri grundu er líka hafin á vegum utanríkisráðuneytisins.

Sjá nánar á kosningavef innanríkisráðuneytisins.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?
Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Spennandi vetur framundan hjá Háskólafélagi Suðurlands



Haustið fer hressilega af stað hjá Háskólafélagi Suðurlands (HfSu) með nýjum verkefnum og nýju fólki, en félagið er meðal annars samstarfsaðili Nýheima í mörgum verkefnum.

Sem áður er þungamiðja starfsins nemendabjónusta en hún hefur aukist ár frá ári samhliða þróun og aukningu á framboði fjarnáms. Verkefni nemendabjónustunnar eru að halda úti námsveri, sjá um prófaskipulag fjarnema ásamt því að reka kaffistofu/samverurými fyrir nemendur.

„Önnur og ekki síður mikilvæg verkefni snúast um að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með uppbyggingu þekkingarsamfélags og hefur HfSu verið í forsvari fyrir mörg slík verkefni í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila. Sem dæmi um slíkt má gjarnan nefna uppsetningu og rekstur

FabLab smiðju á Selfossi sem staðsett er í Hamri/FSu en rekin er í samstarfi HfSu, FSu og Héraðsnefndar Árnesinga með góðum styrk frá Atorku, SASS og NMÍ, og nú síðast styrkjum og stuðningi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Mennta- og menningarmálaráðuneyti“ segir Ingunn Jónsdóttir sem nýlega tók við sem framkvæmdastjóri félagsins.

Fleira í farvatninu

„Annað verkefni sem styður við tilgang félagsins er undirbúningur fyrir stofnun frumkvöðlaseturs en styrkur fékkst úr Lóu nýsköpunarsjóði til þess að hjálfa svokallaða „leiðara“ sem eru frumkvöðla ráðgjafar með meiru. Verkefnið verður unnið í samstarfi annarra þekkingarsetra á Suðurlandi sem og SASS og er mikil tilhlökkun meðal samstarfsaðila að hefja vinnuna“ segir Ingunn jafnframt.

Auk þessara verkefna sinnir HfSu atvinnuráðgjöf fyrir SASS og tekur þátt í margvíslegri þróunar- og verkefnavinnu tengdri menntun og öðrum byggðarmálum. Starfsmenn félagsins eru spenntir fyrir komandi vetri og hvetja alla Sunnlendinga til þess að vera í góðu sambandi og samtali við starfsmenn um allt sem brennur á þeim er varðar menntun á háskólastigi, byggðarþróun eða umhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á svæðinu en nánar er hægt að fræðast um félagði á síðunni www.hfsu.is

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð og samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur og úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

ART er smart



Samninginn undirrituðu Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður SASS og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra

Samningur hefur verið undirritaður á milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og félagsmálaráðuneytisins sem tryggir rekstur ART-verkefnisins næstu þrjú árin. Undirritunin markar þáttaskil í rekstrinum og er viðurkenning á að ART úrræðið sé komið til að vera. Því má segja að þetta sé stór dagur og ákveðinn sigur fyrir Sunnlendinga alla en samningurinn tryggir áframhaldandi þjónustu í heimabyggð. ART (Agression Replacement training) hefur verið starfrækt á Suðurlandi frá árinu 2005. ART er uppeldisleg aðferðafræði sem skiptist í þrjú þætti, þ.e. félagsfærni, sjálfstjórn og síðferði. Með því að vinna á markvissan hátt með þessa þætti er hægt að láta þá vinna betur saman sem stuðlar að bættri líðan og betri tilfinningastjórnun einstaklingsins. Þar fyrir utan eykst

samskiptaferni heima, á vinnustað, í skóla og vinahóp. Teymið veitir úrræði fyrir fjölskyldur barna með tilfinninga- og/eða hegðunarvanda. Einnig býður teymið upp á námskeið fyrir fagfólk í skólum, þ.m.t. leik- og grunnskólum, velferðarþjónustum og fleira. Fjöldi ART námskeiða hafa verið haldin um land allt. Samningurinn gerir teyminu kleift að skipuleggja starf sitt lengra fram í tímann og ýta úr vör nýjum þróunarverkefnum. Þetta er mikið gleðiefni og eru starfsmenn samtakanna og stjórn SASS afar þakklát stuðningi sveitarstjórna og þingmanna sem stutt hafa við bakið á verkefninu á síðustu árum, sem og Ásmundi Einari Daðasyni félags- og barnamálaráðherra.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga:

„Í sextán ára sögu ART-verkefnisins hafa námskeið verið haldin vítt og breitt um landið. ART hefur sannað gildið sitt sem forvarnar- og meðferðarúrræði sem hefur gagnast Sunnlendingum og öðrum Íslendingum. ART hefur gert góð samfélög enn betri. ART er smart.“

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra:


„Aðgengi barna að þjónustu við hæfi án hindrana er gríðarlega mikilvægt. ART verkefnið er öflugt grasrótarkerfni sem hefur sannað sig og verið mikilvægt verkfæri fyrir börn og unglinga þegar það kemur að líðan þeirra og tilfinningastjórnun. Með þessum samningi getur teymið skipulagt starfið lengra fram í tímann og eft það og styrkt.“

LÝÐRÆÐI

EKKERT KJAFTÆÐI

25. september

Myndaðu mig



PÍRATAR



Kjósum VG 25. september

Heiðu á þing!

Það skiptir máli
hver stjórnar





FRAMSÓKN VILL

- Dýpka Grynnslin og halda áfram að efla samgöngur
- Fjölga tækifærum í ferðapjónustu og skapa atvinnu heima fyrir
- Hert tolleftirlit og stofna nýtt landbúnaðarráðuneyti

Við byggjum brýr



Endurnýjun sjúkrabifreiðar



Nú er Rauði krossinn að fá sendingu númer tvö af sjúkrabifreiðum, og þegar þessi sending er komin í virkni eru komnir um 50 nýir sjúkrabílar til landsins. Alls eru rúmlega 90 bílar í landinu þannig að þetta er rúmlega helmingi endurnýjun. Við hér á Höfn fengum einmitt einn til okkar í síðustu viku og er hann nú þegar kominn í rekstur hjá okkur. Þetta er bíll sem er hefur verið á Hvolsvelli í nokkra mánuði. Hann er allur hinn fullkomnasti og er með öllum þeim þægindum og tækjabúnaði sem sjúkrabílar eru með í dag.

Á Höfn starfa á föstum vöktum 7 sjúkraflutningamenn og svo er einn sjúkraflutningamaður í afleysingum. Þó nokkur endurnýjun hefur verið hjá okkur og einnig hafa 4 sjúkraflutningamenn aflað sér aukinna réttinda á þessu sviði. Við höfum unnið stöðugt að því að jafna kynjahlutverkið

hjá okkur og er það nú jafnt.

Sjúkraflutningar á Höfn eru undir HSU á Selfossi og eru allir sjúkraflutningar á Suðurlandi undir sama hatti. Því höfum við hér á Höfn verið nokkuð stolt að því að fara á Selfoss á sumrin til að vinna þar á vöktum, og höfum tekið að okkur sumarafleysingar þar. Með þessu móti fáum við gríðarlega þekkingu og flotta þjálfun í allskonar flutningum. Á einni vaktartörn þar erum við kannski að taka sama fjölda og á einu ári hér á Höfn. Hefur þetta orðið til þess að hér hefur byggst upp gríðarlega sterkur og breiður hópur af öflugum sjúkraflutningamönnum.

*Friðrik Jónas Friðriksson
Varðstjóri sjúkraflutninga á Höfn*

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir kosningar til Alþingis 25. september 2021.

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns og hjá sérstökum kjörstjórum

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma.

Síðustu viku fyrir kosningar verður **opnunartími lengdur** á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 20. – 24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, 25. september kl. 10:00-12:00.

Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 20. -23. september kl. 09:00-16:00.
- 24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur 25. september vaktími 897 1441 opinn milli kl. 10:00-12:00.

Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 20.-22. september kl. 09:00-16:00.
- 23.-24. september kl. 09:00-18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 25. september kl. 10:00-12:00.

Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 20. -23. september kl. 18:00-20:00 (auk hefðbundins opnunartíma 09:00-15:00).
- 24. september kl. 09:00-17:00.
- Kjördagur 25. september, vaktími 862 7095, opinn milli kl. 10:00-12:00.

Kjósendur hafi meðferðis persónuskilríki.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 23. september n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á skrifstofu.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna einstaklinga í sóttkví eða einangrun er auglýst sérstaklega.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi





Sindri - Fjölnir

ICE LAGOON HÖLLIN

Mánudaginn 27. september kl 19:15

Miðasala fer fram á stubbnum
www.stubbur.app og við hurð.

Verð kr. 1.500
Frítt fyrir 16 ára og yngri

BORGARAFundur á Kaffihorninu
frá kl 18:00

Sindraburger og miði á leik
Verð: 2.500kr



Sveitarfélagið Hornafjörður

KJÖRFUNDUR

Kjörfundur vegna alþingiskosninga
25. september 2021 verða sem hér segir:

Kjördeild I Öræfi	Hofgarður	Frá kl. 12:00*
Kjördeild II Suðursveit	Hrollaugsstaðir	Frá kl. 12:00*
Kjördeild III Mýrar	Holt	Frá kl. 12:00*
Kjördeild IV Nes	Mánagarður	Frá kl. 12:00 til kl. 22:00
Kjördeild V Höfn	Heppuskóla	Frá kl. 09:00 til kl. 22:00

*) Kjörfundir á viðkomandi stöðum lýkur strax og unnt er skv. 89. gr laga nr.24/2000 um kosningar til alþingis.

Yfirkjörstjórn hefur aðsetur í Heppuskóla á kjördag
Kjósundur geta átt von á að verða krafðir um skilríki á kjörstað

Höfn 20. september 2021

Yfirkjörstjórn:

Vignir Júlíusson
Zophonías Torfason
Reynir Gunnarsson



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Deiliskipulag Brunnhól

KBæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi fyrir Brunnhól skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan var áður í kynningu frá 19. október til 1. desember 2017 og samþykkt í bæjarstjórn í mars 2018. Láðst hefur að auglýsa skipulagið í B- deild og því þarf að endurauglýsa skipulagstillöguna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd lagði til að deiliskipulagstillagan verði uppfært þar sem búið er að reisa byggingar á byggingareitum B1 og B2, sem er búið að gera og er nýr uppdráttur sendur Skipulagsstofnun. Lagnir fyrir varmadælu í jörð eru frágengnar og hreinsivirki fyrir frárennsli er frágengið.

Tillagan hefur áður verið auglýst og kynnt fyrir íbúum skv. 40. gr. skipulagslaga.

Tillagan verður til sýnis frá og með **22. september 2021 til 2. nóvember 2021** í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til **2. nóvember 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna Covid-19 farsóttarinnar

Einstaklingar sem ekki geta sótt kjörfund á kjördag vegna þess að þeir eru í sóttkví eða einangrun geta greitt atkvæði með tvennum hætti:

1. Í bifreiðakosningu á sérstökum kjörstað.
2. Ef kjósandi getur ekki mætt í bifreiðakosningu er hægt að óska eftir kosningu á dvalarstað að uppfylltum nánari skilyrðum.

1) Bifreiðakosning

Atkvæðagreiðsla á sérstökum kjörstað er fyrirhuguð á eftirtöldum stöðum og tíma:

Selfoss:

Bílastæðakjallari í húsnæði Krónunnar, Austurvegi 5, Selfossi.

Opnunartími:

Miðvikudag og fimmtudag 22.-23. september, kl. 16:00 -17:00.

Föstudaginn 24. september, kl. 16:00 - 18:00.

Á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 10:00 - 12:00.

Akstursleið

Kjósendum er bent á að kynna sér akstursleið að kjörstað á <https://island.is/covidkosning2021> en um sömu leið er að ræða og við sýnatöku HSu vegna Covid-19 farsóttarinnar.

Höfn í Hornafirði:

Slökkvistöðin, Álaleiru 2, Höfn.

Opnunartími:

Föstudaginn 24. september, kl. 15:00-16:00.

Á kjördag, laugardaginn 25. september, kl. 12:00- 13:00.

Athugið að fyrirkomulag bifreiðakosningar kann að taka breytingum í ljósi þróunar á fjölda einstaklinga í einangrun eða sóttkví. Breytist opnunartími eða fjölgi sérstökum kjörstöðum verða upplýsingar uppfærðar á <https://island.is/covidkosning2021> og Facebook-síðu embættisins, Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Leiðbeiningar til kjósenda í bifreiðakosningu

- Kjósandi skal vera einn í bifreið og er óheimilt að opna hurdir eða rúður hennar.
- Kjósandi í bifreiðakosningu má ekki handleika kjörgögn og því skal kjörstjóri veita honum aðstoð við kosningu án þess að nokkur annar sjái. Æskilegt er að kjósandi hafi meðferðis blað og skriffæri til að geta gert kjörstjóra grein fyrir vilja sínum.
- **Hvorki þarf að panta tíma né framvísa vottorði.**
- Um nánari framkvæmd og leiðbeiningar til kjósenda verður unnt að lesa á <https://island.is/covidkosning2021>

2) Atkvæðagreiðsla á dvalarstað kjósenda:

Úrræðið stendur kjósendum sem verða í einangrun eða sóttkví á kjördag til boða sýni þeir fram á að þeir geti ekki kosið í bifreiðakosningu.

- Kjósandi í sóttkví eða einangrun þarf að leggja fram staðfestingu sóttvarnaryfirvalda á að hann sé í einangrun eða sóttkví fram yfir kjördag. Vottorð þess efnis má nálgast á Heilsuveru.
- Kjósandi í sóttkví þarf auk þess að tilgreina ástæður þess að hann kemst ekki á sérstakan kjörstað (bifreiðakosning). Þessi krafa er ekki gerð til kjósenda sem verða í einangrun á kjördag.
- Hver og einn kjósandi á sama dvalarstað þarf að leggja inn beiðni um heimakosningu. Ekki er nægjanlegt að leggja inn eina beiðni fyrir alla kjósendur á sama dvalarstað.

Beiðni um atkvæðagreiðslu á dvalarstað ásamt staðfestingu sóttvarnaryfirvalda þarf að berast sýslumanni á netfangið sudurland@syslumenn.is í tæka tíð, eða sem hér segir:-

- Fyrir kl. 10:00 á kjördag, laugardaginn 25. september, sé dvalarstaður í kjördæmi kjósenda.
- Fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 23. september, sé dvalarstaður utan kjördæmis kjósenda.

Synja má kjósenda um að greiða atkvæði á dvalarstað telji sóttvarnaryfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun er endanleg.

Umsókn um heimakosningu vegna Covid-19 og allar nánari leiðbeiningar má nálgast á vefnum <https://island.is/covidkosning2021>

Vakin er sérstök athygli á því að kjósenda sem er í einangrun er heimilt að greiða atkvæði í bifreiðakosningu á sama hátt og þeim sem eru í sóttkví. Heimild stafar frá reglugerð heilbrigðisráðherra og er bundin við þann eina tilgang ferðar að greiða atkvæði á sérstökum utankjörfundarstað.

Kosning um sameiningu sveitarfélaga

Samhliða kosningum til Alþingis verður kosið um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna kosninga má nálgast á eftirfarandi vefsíðum:

- <https://island.is/covidkosning2021>
- www.syslumenn.is
- www.kosning.is
- **Facebook-síðu** embættisins, Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi





MÍÐFLOKKURINN



XM

Kæru Austur-Skaftfellingar, við óskum eftir ykkar stuðningi

Við ætlum í stóratök í samgöngum, jafna raforku- og húshitunarkostnað ásamt því að styðja við öflugri heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Við viljum jöfn réttindi óháð búsetu.

Við stöndum með landsbyggðinni.

Það hefur aldrei verið mikilvægara að setja X við M!

Fjórar nýjar brýr formlega opnaðar

Föstudaginn 10. september voru fjórar nýjar brýr á Hringveginum (1) sunnan Vatnajökuls formlega opnaðar. Um er að ræða brýr yfir Steinavötn, Fellsá, Kvía og Brunná.

Samgönguráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson og forstjóri Vegagerðarinnar Bergþóra Þorkeldsdóttir opnuðu brýrnar formlega á brúnni yfir Steinavötn.

Kvennakór Hornafjarðar söng á brúnni við þetta tækifæri en kórinn hefur tekið lagið á öllum einbreiðum brúm á svæðinu til að styðja við fækkun þeirra. Með tilkomu þessara brúa leggjast af fjórar einbreiðar brýr á Hringveginum. Fækkar úr 36 brúm í 32. Unnið er að frekari fækkun en vinna er í gangi við Jökulsá á Sólheimasandi og við Núpsvötn og Hverfisfljót. Að því loknu verða einbreiðar brýr 29 talsins á Hringveginum. Árið 1990 voru þær hátt í 140 þannig að margt hefur áunnist á þeim tíma. Enn frekari fækkun er framundan á næstu árum.

Bygging brúanna fjögurra var boðin út árið 2019 en framkvæmdum lauk við þær í ár.



Sigurður Ingi Samgönguráðherra og Bergþóra Þorkeldsdóttir opnuðu brýrnar formlega á brúnni yfir Steinavötn



Kvennakór Hornafjarðar tók lagið en hann hefur vakið athygli á að fækka þarf einbreiðum brúm í Sveitarfélaginu.



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR

KYNNINGARFUNDUR HEILSUÞJÁLFUN 60+

Kynning á nýju
heilsuþjálfunarnámskeiði í boði
Sveitarfélagsins. Á fundinum verða
einnig kynntar hugmyndir að heilstæðri
heilsuefningu eldri borgara.

30. September - Kl: 20:00
Vikurbraut 24



SINDRI RAGNARSSON
SINDRI@HORNAFJORDUR.IS - S: 846-0161

Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Pitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkar

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Sjálfstæðisflokkurinn í Suðurkjördæmi



Okkar forgangsmál

- Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf
- Jafnt aðgengi að heilbrigðis- og velferðarþjónustu
- Framþróun með nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi
- Tækifærin í grænni orkubyltingu
- Greiðar og öruggar samgöngur
- Jafn aðgangur að góðri menntun – óháð búsetu
- Störf án staðsetningar

25. september

Kosningakaffi í Sjálfstæðishúsinu 13:00-17:00

Kosningavaka í Sjálfstæðishúsinu, 20:00

Kjósum
land tækifæranna

D